FRUMVARP TIL BREYTINGA Á LÖGUM UM STJÓRN FISKVEIÐA

18. maí 2011

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða með síðari breytingum – minna frumvarpið.

Auknar strandveiðar

- 2011 og 2012 verða aflaheimildir í strandveiðikerfi auknar um 3.000 tonn:

  þorskur 2.400 tonn og ufsi 600 tonn

- Nýr flokkur strandveiðibáta – bátar minni en 3 brt. verði lögfestur 2011/2012. Hluti aukningar komi til þess hóps.

- Frá og með 1. maí 2012 verður eigandi strandveiðibáts að vera lögskráður á bát sinn.

Allir leggi jafnt í „pottana“

- Allir hlutdeildarhafar skerðist jafnt frá og með næsta fiskveiðiári vegna aðgerða til eflingar sjávarbyggða, línuívilnunar og strandveiða.
  - Viðmiðun eru samanlögð þorskígildi í upphafi fiskveiðiárs og síðustu úthlutun í tegundum sem ekki var úthlutað.
  - Dæmi: Í dag eru 12.672 tonn af þorski dregin frá þeim sem hafa hlutdeild í þorski eða 7,9%. Eftir breytingu er skerðingin 3,8% sem er hluti þorsks í heildarþorskígilda úthlutun.

Byggðakvóti

- Ráðherra hafi áfram heimild til að úthluta allt að 12 þús. tonn af botnfiski. Í dag er ráðstafað 7.644 tonnum.

- A. Til að mæta áföllum vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda og til stuðnings byggðarlögum.

  Úthlutað eftir sömu reglum og skilyrðum og er í dag.

Byggðakvóti

Til viðbótar heimild allt að 12 þús. tonnum af botnfiski skal úthluta allt að 6.000 tonn af þorski, 1.200 af ýsu og 800 af ufsa í þennan lið.

- B. i. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi.

- ii. Til byggðarlaga sem orðið hafa fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og hafa haft veruleg áhrif á atvinnuástand þar.

Byggðakvóti

Úthlutunarreglur: Sambærilegar og í dag eða

á byggðalagsnúmer sem sveitarfélag sjái um úthlutun.

Skilyrði A og B: Bátur skal hafa veiðileyfi í atvinnuskyni, úthlutun byggi á gagnsæi, málefnalegum og staðbundnum ástæðum og sé í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlags. Heimahöfn í viðkomandi byggðarlagi, heimilisfesti útgerðar og afla sé landað til vinnslu í sveitarfélaginu. Framsal óheimilt nema milli báta í eigu sama lögaðila.

Tegundartilfærsla

- Verði að hámarki 30%, það er því magni sem breyta má í aðrar tegundir.

Veiðigjald

- Afkomutenging hækkar um 70%. Miðað við gjaldið í dag fer það úr 6,44 kr/ígildi í 10,98. Ráðherra hefur heimild til að láta gjaldið taka mið af afkomu einstakra útgerðarflokka.

Ráðstöfun tekna af veiðigjaldi

- Skiptist milli ríkis 80% og sjávarbyggða 20%
- Sjávarbyggðahlutinn skiptist jafnt milli landshluta og landsbyggðar. Aflaverðmæti er mælikvarði á upphæðir

Kvótaleiga

- Ráðherra hefur til ráðstöfunar fiskveiðiárin 2010/2011 og 2011/2012
  - 1.200 tonn af skötusel á 176 kr/kg
  - 2.000 tonn af síld á 13 kr/kg

Ráðstöfun tekna af kvótaleigu

- Í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs, með það að markmiði að stuðla að rannsóknum, nýsköpun og þróun í sjávarútvegi.

Keila og langa sem meðafli

- Keilu og löngu sem meðafla 2010/2011 og 2011/2012 verður hægt að landa sem VS afla.

  Heimildin miðast við 10% af heildarafla annarra tegunda þar til 1.000 tonnum hefur verið landað af keilu í VS og 2000 tonnum af löngu.